

ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8 – 10,

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. nóvember 2003.

**Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 153. mál.**

Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 29. október 2002 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 153. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**


Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur rætt fyrirleggjandi frumvarp og telur ástæðu til að taka fram að afstaða félagsins við val á stjórnendum opinberra stofnana er að sjálfsögðu sú að leitast skuli við að velja þann einstakling til starfsins sem talinn er hæfastur þeirra sem völ er á. Meginregla við ráðningar hefur verið að auglýsa störf, hvert sé eðli þeirra og hvaða hæfniskröfur viðkomandi þarf að uppfylla.

Álitamál er hvort til sé heppilegri leið við leit að hæfum einstaklingi. Það kann þó að vera að við ráðningu í sérstakar stöður eins og í bankastjórn Seðlabanka eigi að viðhafa aðrar reglur en þau almennu sjónarmið sem gilda um ráðningar. Telur stjórn FFR að hún sé tæplega í stöðu til þess að meta hvort svo sé. Eðli máls samkvæmt hlýtur bankastjóri í Seðlabanka að starfa mun nánara með ríkisstjórn um stjórn og mótun efnahagsmála en almennt gengur og gerist með forstöðumenn opinberra stofnana. Skiptir þá máli fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að trúnaður ríki þar á milli. Það eitt og sér getur verið röksemd fyrir öðru fyrirkomulagi en almennt gerist.


## FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Félag forstöðumanna ríkisstofnana tekur ekki afstöðu til framkomins frumvarps í umsögn þessari.


Virðingarfyllst




Skúli Eggert Þorðarson  
formaður stjórnar FFR




Sigurður Guðmundsson  
varaformaður stjórnar FFR



Margrét Hallgrímsdóttir  
meðstjórnandi FFR



Björn Karlsson  
varagjaldk. FFR



KAUPHÖLL ÍSLANDS  
Iceland Stock Exchange

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/241*  
*komudagur 20.11.2003*

Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18.11.2003

Tilv. 111

IRG

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 153. mál, bankastjórar**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. október sl, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 153. mál, bankastjórar.

Umrætt frumvarp felur í sér breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem hefur það að markmiði að tryggja, eins og kostur er, að fagleg sjónarmið ráði við skipan í embætti seðlabankastjóra og að ráðherra geti ekki komið sér undan því að rökstyðja ráðninguna.

Kauphöllin telur mikilvægt að varðveita og efla sjálfstæði Seðlabanka Íslands en tekur ekki afstöðu til þess hvort breytingarnar sem felast í frumvarpinu séu best til þess fallnar að tryggja það markmið.

Virðingarfyllt

Þórður Friðjónsson, forstjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 19.11. 2003

**Frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, 153. mál**

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skylt verði að auglýsa opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og að skilyrði fyrir skipun bankastjóra verði reynsla og víðtæk þekking á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að ákvarðanir í peningamálum séu að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið sé viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og komi gleggst fram í því að af 35 seðlabankastjórum víðs vegar um heiminn eru 33 menntaðir hagfræðingar. Í 17 af 18 löndum með verðbólguþolmátt séu bankastjórnir hagfræðingar. Völd og ábyrgð bankastjórnarinnar séu mikil og nauðsynlegt sé að hún hafi tiltrú og njóti trausts sem fagleg og sjálfstæð stofnun.

Flutningsmenn breytingartillögunnar hafa talsvert til síns máls. Ætla má að nánari afmörkun hæfisskilyrða bankastjórnar myndi treysta sjálfstæði Seðlabankans enn frekar í sessi og þ.a.l. eðlilegt framhald af ákvörðun um aukið sjálfstæði bankans sem tekin var með setningu laga nr. 36/2001.

Það fyrirkomulag að hafa þrjú bankastjóra býður hins vegar upp á að bankastjórnin sé skipuð mönnum með ólíkan bakgrunn. Það getur tæpast verið tilgangurinn með þessum fjölda að manna bankastjórnina með einsleitri þrenningu. Það er því íhugunarefni hvort rétt sé að setja önnur og ríkari hæfisskilyrði við skipun formanns bankastjórnarinnar en hinna tveggja. Þá er hér einnig sett spurningamerki við það ákvæði frumvarpsins að krefjast reynslu af peningamálum þar sem það gæti skilist sem takmörkun við þann hóp manna sem hefði reynslu af störfum innan Seðlabankans eða hugsanlega starfsreynslu í fjármálafyrirtækjum.

Mikilvægt er að þeir sem ráðnir eru til starfa í bankastjórn Seðlabankans hafi myndugleika og njóti virðingar, innan sem utan bankans. Í ljósi hins mikilvæga hlutverks bankans fyrir vöxt og viðgang efnahagslífsins og þar með fyrir velferð landsmanna þá eru full rök fyrir því að sníða hæfisskilyrði fyrir skipun bankastjóra þannig að hæfni þeirra í starfi verði undirstrikuð.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þótt tilgangur flutningsmanna frumvarpsins með opinberri auglýsingu um umsóknir um starf seðlabankastjóra sé að fá hæfasta manninn í starfið er ekki endilega víst að auglýsing tryggi það. Ótvírætt er hins vega að það bindur hendur skipunarvaldsins í leit að hæfasta einstaklingnum. Ekki eru lagðar fram upplýsingar í greinargerð frumvarpsins um það hvort önnur ríki auglýsa starf seðlabankastjóra til umsóknar, en lausleg athugun SA gefur til kynna að það sé fátítt. Í Nýja-Sjálandi mun þó auglýst eftir umsóknum.

Í frumvarpinu eru ekki gerðar tillögur um hæfisskilyrði bankaráðs. Ef gerðar verða breytingar á lögnum í þá veru að krefjast viðtækrar þekkingar á efnahagsmálum er einnig rétt að huga að því hvort gera eigi formlegar hæfiskröfur til bankaráðsins.

Samtök atvinnulífsins styðja þann tilgang flutningsmanna frumvarpsins að treysta sjálfstæði Seðlabankans í sessi með því að tilgreina kröfur sem til bankastjóra eru gerðar. Til greina kemur þó að binda hendur skipunaraðila ekki eins mikið og frumvarpið gerir ráð fyrir og einnig að gera mismunandi hæfiskröfur til formanns bankastjórnar og hinna tveggja bankastjóranna.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri



19. nóvember 2003

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. Seðlabank Íslands (153. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 29. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Stutt er síðan hin nýju lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, voru lögfest og því ekki löng reynsla komin á þau. Að mati SBV hafa engar þær aðstæður skapast á þeim stutta tíma sem liðinn er frá gildistöku þeirra sem kalla á breytingar á þeim ákvæðum laganna sem snúa að innra stjórnskipulagi bankans.

Vissulega skiptir miklu að þeir sem skipaðir eru í bankastjórn Seðlabankans hafi myndugleika og njóti virðingar innan sem utan bankans. Ekki er síður mikilvægt að bankastjórnin í heild myndi sterka sveit með bæði góða þekkingu á efnahags- og peningamálum þjóðarinnar og einnig góð tengsl við atvinnu- og stjórnmalalífið á hverjum tíma. Einsleitur bakgrunnur bankastjórnarmanna getur þannig dregið úr að þessu marki sé náð. Í ljósi þess telja SBV að geti verið vafasamt að setja í lög in ítarlegar hæfiskröfur gagnvart þeim sem sitja í stólum bankastjórnar, þar sem slíkt ákvæði gæti takmarkað svigrúm skipunarvaldsins til að búa bankanum sem öflugasta forystusveit. Á sambærilegum forsendum telja SBV rétt að veita skipunarvaldinu svigrúm til að leita að hæfasta fulltrúanum í hvert og eitt sinn, fremur en að binda það við að yfirfara innsendar umsóknir á grundvelli auglýsingarskyldu í lögnum.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/140*  
*komudagur 17.11.2003*



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, 153. mál.**

Núgildandi lög um Seðlabanka Íslands segja ekkert um sérstakt hæfi Seðlabankastjóra til þess að gegna embætti. Hann verður því einungis að fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum sem gilda um starfsmenn ríkisins. Að öðru leyti er það lagt í hendur þess sem skipar í embættið, forsætisráðherra, að velja menn til starfans og þar með sjálfðæmi um hvaða kosti hann leggur til grundvallar við skipun viðkomandi bankastjóra.

Samtök iðnaðarins telja að mikilvægt sé að í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitji hverju sinni menn með góða menntun og yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af peninga-, efnahagsmálum og úr atvinnulífinu. Auðvelt ætti að vera að uppfylla þessi skilyrði með þriggja manna bankastjórn. Rétt er að setja ákvæði af þessu tagi í lög. Sama gildir um skyldu til þess að auglýsa bankastjórastöður.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/108*  
*komudagur 19.11.2003*

18. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands

Með bréfi dags. 29. október 2003 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands kýs að tjá sig ekki sérstaklega um efni frumvarpsins að öðru leyti en því að minna má á að í nefndinni sem samdi frumvarp það sem varð að lögum nr. 36/2001 var fullur einhugur um efni þess. Þá má geta þess að í fylgiskjali með frumvarpinu sem óskað var umsagnar um gætir á stöku stað ónákvæmni um skipan bankastjórna og peningamálaráða.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Birgir Ísl. Gunnarsson      Eiríkur Guðnason      Jón Sigurðsson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/221*  
*komudagur 20.11.2003*



**VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

**Efni: Frv. til l. um br. á l. um Seðlabanka Ísl., nr. 36/2001 (153. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð getur tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu og lúta að mikilvægi þess að hæfir einstaklingar veiti Seðlabankanum forstöðu. Ráðið telur þó hvorki ástæðu né tilefni til þeirrar lagabreytingar sem frumvarpið kveður á um.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigríður Ásthildur Andersen.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)